LANDVÉLAR

# PERMABOND A1042

Permabond A1042 hraðharðnandi og ætlað til límingar og þéttingar málmhluta sem þarf að aðskilja síðar vegna viðhalds. Hefur mikið þol gagnvart titringi og er því mjög hentugt til límingar á splittróm, splittum og öðrum læsibúnaði. A1042 hefur mikið efnaþol, dregur úr tæringu, og kjörið til að festa og þétta tengi í vökva- og loftkerfum.
Límið þolir hitun (150°C) í skamman tíma, sé álag á límfleti hóflegt, og kælingu allt niður í -55°C.
Notið ekki í snertingu við gufu, öfluga oxara og skautuð leysiefni. Þolir þvott með leysiefnum.
Geymsluhitastig: 5° til 25°C.

## Notkunarleiðbeiningar

1) Bestur árangur næst ef límfletir eru fituhreinsaðir og þurrir. Notið t.d. ísóprópanól eða aseton við hreinsun. Mælt er með léttri slípun límflata.
2) Forðist að snerta málmfleti með enda skammtarans á flöskunni.
3) Ef líma skal í gegnboruð göt, látið límið fljóta yfir allar gengjurnar.
4) Ef líma skal í blind göt, látið nokkra dropa leka niður gengjur til botns.
5) Setjið saman með hæfilegu átaki skv. álgsmæli.
6) Setjið lok á flösku strax að notkun lokinni til að forðast mengun innihalds.
7) Límda hluti má handleika eftir 5 mín.
8) Límið nær fullum styrk á sólarhring. Því má hraða með upphitun, eða notkun Permabond Activator A905 eða ASC10. Þetta á sérstaklega við límingu málma með oxíðhúð svo sem sinks, áls og ryðfrís stáls.

## Merking



**VARÚÐ.** Veldur húðertingu. Veldur alvarlegri augnertingu. Getur valdið ertingu í öndunarfærum. BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar.

**GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.**

## 50 ml

Dreifing:

Landvélar ehf
Smiðjuvegi 66d
200 Kópavogi
Sími: 580 5800
www.landvelar.is